

— Heimur fyrir börnin —

**Lokaskjal Aukaallsherjarþings Sameinuðu þjóðanna
um réttindi barnsins
vorið 2002**

Íslensk þýðing

Félagsmálaráðuneyti
október 2004

Frumútgáfa: A world fit for children, skjal gefið út af Sameinuðu þjóðunum, október 2002.

Sjá: <http://www.unicef.org/specialsession/>

Efnisyfirlit

	<i>Greinar</i>	<i>Bls.</i>
I. Yfirlýsing	1–9	4
II. Yfirlit yfir framfarir og það sem lærst hefur	10–13	7
III. Framkvæmdaáætlun	14–62	9
A. Að skapa heim sem hæfir börnum	14–32	9
B. Markmið, stefnumörkun og aðgerðir	33–47	15
1. Að stuðla að heilbrigðu lífi	35–37	15
2. Að veita góða menntun	38–40	19
3. Að vernda gegn misþyrmingu, misnotkun og ofbeldi	41–44	23
4. Að berjast gegn HIV-smiti og alnæmi	45–47	30
C. Að virkja úrræði	48–58	33
D. Frekari ráðstafanir og mat á árangri.....	59–62	36

I. Yfirlýsing

1. Fyrir ellefu árum, á Heimsráðstefnu um málefni barna, skuldbundu þjóðarleiðtogar heimsins sig til að stuðla að betri framtíð allra barna og birtu í því sambandi brýna áskorun til alls heimsins þess efnis.¹

2. Síðan hafa orðið miklar framfarir eins fram kemur í skýrslu aðalritara Sameinuðu þjóðanna „We the Children“ (Við börnin).² Lífi milljóna barna hefur verið bjargað, fleiri börn stunda skólanám en nokkru sinni fyrr, fleiri börn taka virkan þátt í ákvörðunum sem skipta máli í lífi þeirra og mikilvægir samningar hafa verið gerðir til að vernda börn. Hins vegar hefur árangur og ávinningur verið misjafn og enn eru mörg ljón á veginum, einkum í þróunarlöndunum. Erfitt hefur reynst að tryggja öllum bjarta framtíð og heildarárangurinn hefur verið minni en þjóðirnar og alþjóðasamfélagið hafa skuldbundið sig til að ná.

3. Við, þjóðarleiðtogar og fulltrúar ríkja sem tókum þátt í Aukaallsherjarþingi um málefni barna, staðfestum hér með skuldbindingar okkar varðandi markmið og meginreglur stofnsamnings Sameinuðu þjóðanna og erum staðráðnir í að grípa þetta sögulega tækifæri til að breyta heiminum með börnunum og fyrir börnin. Því staðfestum við á ný skuldbindingar okkar til að framkvæma þau óloknu verkefni sem Heimsráðstefna um málefni barna ákvað að láta vinna að og öðrum þeim brýnu málefnum sem upp hafa komið og mikilvægt er að tekið sé á til að ná þeim langtímamarkmiðum sem samþykkt hafa verið að undanfögnu á mikilvægum leiðtogafundum og ráðstefnum Sameinuðu þjóðanna, einkum í Yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna sem gerð var við upphaf nýrrar aldar,³ innan hvernar þjóðar og með samvinnu á alþjóðavettvangi.

4. Við staðfestum á ný skuldbindingar okkar til að stuðla að og vernda réttindi allra barna, þ.e. hvers mannsbarns undir 18 ára aldri, þ.m.t. unglinga. Við erum staðráðin í að tryggja virðingu fyrir öllum börnum og tryggja velferð þeirra. Við staðfestum að Samningurinn um réttindi barnsins,⁴ víðfeðmasti mannréttindasamningur í sögu mannkyns, og valkvæðar bókanir hans,⁵ fela í sér yfirgripsmikil ákvæði alþjóðalaga um vernd og velferð barna. Við viðurkennum einnig mikilvægi annarra alþjóðasamninga sem varða börn.

¹ Sjá A/45/625.

² A/S-27/3.

³ Sjá ályktun 55/2.

⁴ Ályktun 44/25, viðauki.

⁵ Ályktun 54/203, viðaukar I og II.

5. Við leggjum áherslu á að skapa heim sem hæfir börnum þar sem er sjálfbær þróun mannlegs samfélags, að teknu tilliti til þess sem er barni fyrir bestu, byggist á meginreglum lýðræðis, jafnréttis, jafnræðis, friðar og félagslegs réttlætis og þar sem öll mannréttindi eru í heiðri höfð, þ.m.t. rétturinn til að þroskast.

6. Við viðurkennum og styðjum foreldra og fjölskyldur eða, ef við á, lögráðamenn sem fyrstu umönnunaraðila barna og munum efla þau til að veita börnum sem besta umönnun, uppeldi og vernd.

7. Við skorum hér með á allt samfélagið að taka með okkur þátt í alþjóðlegri hreyfingu til að skapa heim sem hæfir börnum með því að standa við skuldbindingar okkar við eftirtaldir meginreglur og markmið:

1. **Börnin í fyrirrúmi.** Í öllum aðgerðum sem tengjast börnum ber fyrst og fremst að hafa í huga það sem er hverju barni fyrir bestu.

2. **Útrýmum fátækt: Fjárfestum í börnum.** Við staðfestum á ný heit okkar að losa eina kynslóð úr vítahring fátæktar, enda erum við sammála um það að fjárfesting í málefnum barna og viðurkenning á réttindum þeirra er ein virkasta aðferðin til að útrýma fátækt. Gera verður ráðstafanir þegar í stað til þess að útrýma verstu tegundum barnavinnu.

3. **Ekki skilja neitt barn út undan.** Sérhver stúlka er fædd frjáls og sérhver drengur er fæddur frjáls og eiga öll jafna virðingu og réttindi, því ber að binda enda á alla mismunun barna.

4. **Önnumst öll börn.** Börn verða að fá besta mögulega veganesti út í lífið. Velferð þeirra, vernd, vöxtur og þroski við góða heilsu og rétta næringu er nauðsynleg undirstaða mannlegs þroska. Við munum stuðla að samstilltu átaki til að takast á við smitsjúkdóma og helstu orsakavalda vannæringar og stuðla að uppeldi barna í öruggu umhverfi sem gerir þeim kleift að njóta líkamlegrar og andlegrar heilsu, tilfinningalegs öryggis, félagslegrar hæfni og aðstöðu til náms.

5. **Menntum öll börn.** Allar stúlkur og allir drengir verða að eiga aðgang að og fá að ljúka góðri og skyldubundinni grunnskólamenntun án endurgjalds sem skal vera hornsteinn alhliða grunnenntunar. Útrýma ber öllu kynjamisrétti í grunnskólum og framhaldsskólum.

6. **Verndum börn gegn skaða og misneytingu.** Vernda skal börn gegn hvers konar ofbeldi, misþyrmingu, misnotkun og mismunun, svo og hvers konar hryðjuverkum og gíslatöku.

7. **Verndum börn gegn stríði.** Vernda ber börn gegn hryllingi stríðsátaka. Börn á erlendum hernámssvæðum ber einnig að vernda í samræmi við ákvæði alþjóðlegra mannréttindalaga.

8. **Berjumst gegn HIV-smíti og alnæmi.** Vernda skal börn og fjölskyldur þeirra gegn ógnvænlegum áhrifum HIV-smits og alnæmis.

9. **Hlustum á börn og tryggjum þátttöku þeirra.** Börn og unglingar eru úrræðagóðir þjóðfélagsþegnar sem hafa hæfileika til að taka þátt í mótun betri framtíðar til handa öllum. Við verðum að virða rétt þeirra til að tjá sig og taka þátt í öllum málefnum sem snerta þau, með tilliti til aldurs þeirra og þroska.

10. **Varðveitum jörðina fyrir börnin.** Okkur ber að vernda náttúrulegt umhverfi okkar með öllu sínu margbreytilega lífi, fegurð og náttúruverðmætum sem auka lífsgæði núlifandi kynslóða og afkomenda okkar. Við munum leita allra ráða til að vernda börn og draga úr áhrifum náttúruhamfara og náttúruspjalla á þau.

8. Við viðurkennum að framkvæmd núgildandi yfirlýsingar og framkvæmdaáætlunar byggist ekki aðeins á endurnýjuðum vilja ráðamanna, heldur einnig útvegum og úthlutun viðbótarfjármagns, jafnt innan hvers ríkis og á alþjóðavettvangi, þannig að tekið sé tillit til brýnna og alvarlegra sérþarfa barna.

9. Í samræmi við þessar meginreglur og markmið samþykkjum við þá framkvæmdaáætlun sem tilgreind er í III. kafla hér á eftir, enda erum við sannfærð um að við getum sameinast um að skapa heim þar sem allar stúlkur og allir drengir fá notið æsku sinnar, tíma leiks og náms þar sem þau njóta kærleika, virðingar og aðhlyningar, þar sem réttindi þeirra eru í heiðri höfð og vernduð, án nokkurrar mismununar, þar sem öryggi þeirra og velferð er í fyrirrúmi og þar sem þau geta þroskast á heilbrigðan hátt, í friði og með virðingu.

II. Yfirlit yfir framfarir og það sem lærst hefur

10. Heimsyfirlýsingin og framkvæmdaáætlun Heimsráðstefnu um málefni barna⁶ eru meðal þeirra alþjóðlegu áætlana sem hvað best hefur verið fylgt eftir og hrint í framkvæmd á tíunda áratugnum. Árleg endurskoðun hefur farið fram í hverju ríki og framvinduskýrslur afhentar Allsherjarþinginu. Endurskoðun fór fram á miðjum tíunda áratugnum⁷ og einnig víðtæk alþjóðleg endurskoðun við lok áratugarins. Seinni endurskoðunin fól meðal annars í sér fundi æðstu manna í Peking, Berlín, Kaíró, Katmandú og Kingston þar sem farið var yfir hvað hefði áunnist, fylgt var eftir ákvörðunum Heimsráðstefnunnar og annarra mikilvægra ráðstefna, áréttáðar voru fyrri skuldbindingar til að ná markmiðum sem sett voru á Heimsráðstefnunni og gerðar voru tillögur um aðgerðir í framtíðinni. Til viðbótar aðgerðum stjórnvalda tóku ýmsir aðilar þátt í endurskoðuninni, þ.m.t. börn, ungmennasamtök, æðri menntastofnanir, trúfélög, almenn félagasamtök, stjórnámálamenn, fjölmiðlar, stofnanir Sameinuðu þjóðanna, velgerðarmenn og helstu frjálsu félagasamtök í hverju ríki og á alþjóðavettvangi.

11. Eins og fram kemur í skýrslu aðalritara Sameinuðu þjóðanna, um það hvernig samþykktum Heimsráðstefnunnar um málefni barna við lok áratugarins hefði verið fylgt eftir, einkenndist síðasti áratugur af fögrum fyrirheitum og nokkrum ávinningi í þágu barna heimsins. Jákvætt má teljast að Heimsráðstefnan og gildistaka Samningsins um réttindi barnsins hjálpuðu til að veita börnum pólitísk forréttindi. Samtals 192 ríki staðfestu Samninginn, gerðust aðilar að honum eða undirrituðu hann. Um 155 ríki sömdu sérstaka aðgerðaáætlun til að vinna að markmiðum ráðstefnunnar. Svæðisbundnar skuldbindingar voru gerðar. Alþjóðleg lagaákvæði og aðgerðir juku vernd barna. Framkvæmd markmiða ráðstefnunnar hefur leitt til margs konar áþreifanlegs árangurs í þágu barna: Árið 2002 munu þremur milljónum færri börn deyja heldur en fyrir áratug; lómunarveiki hefur næstum verið útrýmt; og með jodblöndun salts eru 90 milljónir barna vernduð á ári hverju gegn verulegum missi námsgetu.

12. Enn þarf þó að gera miklu meira. Ekki hafa enn komið fram að fullu þeir fjármunir sem heitið var á Heimsráðstefnunni, hvorki innan ríkjanna né á alþjóðavettvangi. Erfið viðfangsefni eru óleyst: Fleiri en 10 milljónir barna deyja árlega þótt unnt hefði verið að koma í veg fyrir dauða flestra þeirra; 100 milljónir barna njóta ekki skólagöngu, þar af eru 60% stúlkur; 150 milljónir barna þjást af næringarskort; og HIV-smit og alnæmi breiðist út

⁶ A/45/625, viðauki.

⁷ A/51/256.

eins og eldur í sinu. Fátækt er viðvarandi svo og útskúfun og mismunun og félagsleg þjónusta er víða bágborin. Enn fremur geta skuldabyrði, óhófleg framlög til hermála sem eru ekki í samræmi við öryggisþarfir þjóðanna, stríðsátök, erlent hernám, gíslataka og hvers konar hryðjuverkastarfsemi ásamt skorti á hagkvæmri nýtingu auðlinda hamlað getu þjóðar til að vinna bug á fátækt og tryggja velferð barna. Enn er æska milljóna barna eyðilögð með hættulegri vinnubrælkun, verslun og sölu með börn, að meðtöldum unglingum, svo og með annars konar misþyrmingu, vanrækslu, misnotkun og ofbeldi.

13. Reynsla síðastliðins áratugar (1990–2000) hefur staðfest að þarfir og réttindi barna ber að hafa í fyrirrúmi í öllu þróunarstarfi. Margt er unnt að læra: Breytingar eru mögulegar og aukin réttindi barna er áhrifamikil leið til að fá fólk til að sameina krafta sína. Stefnumörkun í hverjum málaflokki verður að taka til brýnna atriða sem hafa áhrif á börn eða stuðla að útskúfun þeirra, og taka til víðtækari og dýpri orsaka ónógrar verndar barna og brota á réttindum þeirra. Þörf er á beinskeyttri íhlutun þar sem nauðsynlegt er að ná skjótum árangri, að teknu tilliti til tryggðrar framvindu og þátttöku hlutaðeigandi aðila; og aðgerðir skyldi miða við dugnað og styrk barna. Sérstök þörf er á að styðja margþættar áætlanir varðandi frumbersku og tryggja aðstoð við fjölskyldur, einkum við aðstæður þar sem mikil hætta er á ferðum, því slíkt leiðir til varanlegra hagsbóta fyrir uppvöxt barna, þroska og vernd.

III. Framkvæmdaáætlun

A. Að skapa heim sem hæfir börnum

14. Heimur sem hæfir börnum er þannig búinn að öll börn fái besta mögulega veganestið út í lífið og hafi aðgang að góðri grunnenntun, þ.m.t. skyldubundinni og ókeypis grunnskólamenntun sem er opin öllum, og þar sem öllum börnum, að unglíngum meðtöldum, er gert nægilega kleift að þroska hæfileika sína í öruggu umhverfi þar sem þau njóta stuðnings. Við leggjum áherslu á að líkamlegur, sálrænn, andlegur, félagslegur, tilfinningalegur, vitrænn og menningarlegur þroski barna verði forgangsmál, jafnt innan hvers ríkis og á alþjóðavettvangi.

15. Fjölskyldan er grunneining samfélagsins og á að njóta stuðnings sem slík. Hún á rétt á yfirgripsmikilli vernd og stuðningi. Fjölskyldan ber meginábyrgð á vernd, uppeldi og þroska barna. Allar stofnanir samfélagsins ættu að virða réttindi barna og tryggja velferð þeirra og veita foreldrum, fjölskyldum, lögráðamönnum og öðrum umönnunaraðilum viðeigandi aðstoð svo börn geti vaxið upp og þroskast í öruggu og traustu umhverfi og í andrúmslofti þar sem hamingja, kærleikur og skilningur ríkir, að teknu tilliti til mismunandi fjölskyldugerða eftir ólíku menningarlegu, félagslegu og pólitísku umhverfi fjölskyldna.

16. Við gerum okkur einnig grein fyrir því að töluverður fjöldi barna nýtur ekki stuðnings foreldra sinna, svo sem munaðarleysingjar, götubörn, börn sem eru landflóttá eða á vergangi, börn sem seld hafa verið í ánaud og börn sem beitt eru kynlífs- eða atvinnuþrælkun og börn í fangelsum. Gera ætti sérstakar ráðstafanir til að styðja þessi börn, stofnanir og aðra sem annast þau og til að efla og styrkja börnin svo þau geti varið sig sjálf.

17. Við erum staðráðin í að stuðla að aðgangi foreldra, fjölskyldna, lögráðamanna og umönnunaraðila og barnanna sjálfra að fyllstu upplýsingum og þjónustu til að stuðla að velferð barnanna og þroska þeirra, og að þau njóti verndar og taki þátt í samfélaginu.

18. Langvinn fátækt er helsta hindrun þess að unnt sé að fullnægja þörfum barna, vernda þau og stuðla að réttindum þeirra. Taka verður á þessum málum á öllum sviðum, allt frá því að sjá þeim fyrir félagslegri grunnþjónustu til þess að skapa ný atvinnutækifæri. Einnig allt frá útvegum lána handa lágtekjufólki til fjárfestinga í grunnþáttum samfélagsins og frá niðurfellingu skulda/skuldbreytingum til góðra viðskiptahátta. Fátækt leikur börn sérstaklega grátt vegna þess að hún hefur áhrif á grunnskilyrði fyrir þroska þeirra, þ.e. vexti líkama

þeirra og sálarþroska. Útrýming fátæktar og minnkun mismununar hljóta því að vera lykilatriði í ráðstöfunum til að stuðla að framförum. Markmið og stefnumörkun, sem samþykkt hefur verið á mikilvægum ráðstefnum Sameinuðu þjóðanna að undanförmu, svo og þær ráðstafanir sem hafa verið gerðar til að fylgja þeim eftir, einkum á leiðtogafundinum í tilefni upphafs nýs árpúsunds, móta gagnlegan alþjóðlegan ramma um stefnumörkun einstakra þjóða til að draga úr fátækt, fullnægja og vernda réttindi barna og stuðla að velferð þeirra.

19. Við gerum okkur grein fyrir því að hnattvæðing og það hve þjóðirnar eru orðnar háðar hver annarri skapar ný tækifæri til verslunarviðskipta, fjárfestinga, fjármagnsstreymis og tækniframfara, þ.m.t. upplýsingatækni, til hagsbóta fyrir hagkerfi heimsins, framþróun og bætt lífskjör um allan heim. Jafnframt blasa við okkur erfið viðfangsefni, þ.m.t. alvarleg fjárhagskreppa, öryggisleysi, fátækt, útskúfun og misrétti innan og milli samfélaga. Verulegar hindranir standa í vegi fyrir frekari samþættingu og fullri þátttöku í hagkerfi heimsins hjá þróunarríkjum, einkum þeim þar sem þróunin er komin styst á veg, svo og í ríkjum þar sem breytingar á hagkerfinu standa yfir. Ef félagslegar og efnahagslegar hagsbætur ná ekki til allra ríkja mun vaxandi fjöldi fólks í öllum löndum og jafnvel heilu landsvæðunum missa öll tengsl við hagkerfi heimsins. Við verðum að hefjast handa nú þegar við að ryðja úr vegi þeim hindrunum sem standa í vegi þjóða og ríkja og nýta til fulls þau tækifæri sem gefast öllum til hagsbóta, einkum börnum. Við viljum stuðla að opnu, sanngjörnu, skipulögðu og gagnsæju viðskipta- og fjármálakerfi þar sem fólki er ekki mismunað. Fjárfestingar, meðal annars í menntun og þjálfun, geta hjálpað börnum að eignast hlutdeild í hagsbótum sem koma í kjölfar uppgötvana í upplýsinga- og fjarskiptatækni. Hnattvæðingin færir okkur tækifæri og krefjandi viðfangsefni. Þróunarríkin og ríki þar sem breytingar á hagkerfinu standa yfir standa frammi fyrir sérstökum vanda hvernig þau eigi að bregðast við slíkum krefjandi viðfangsefnum og tækifærum. Hnattvæðingin ætti að ná til allra. Mikil þörf er fyrir stefnumörkun og ráðstafanir innan hvers ríkis og á alþjóðavettvangi, ráðstafanir sem eru mótaðar og framkvæmdar í fullu og virku samstarfi þróunarríkja og ríkja þar sem breytingar á hagkerfinu standa yfir og hjálpa þeim að bregðast með virkum hætti við þessum krefjandi verkefnum og tækifærum þar sem megináherslan er lögð á framþróun í málefnum barna.

20. Misrétti er orsök vítahings félagslegrar og efnahagslegrar einangrunar og dregur úr getu barna til að ná fullum þroska. Við munum leitast við af fremsta megni að útrýma misrétti gagnvart börnum, hvort sem það á rætur að rekja til kynþáttar barns, foreldra þess eða

lögráðamanns, litarháttar, kynferðis, tungumáls, trúarbragða, pólitískra skoðana eða annarra skoðana, þjóðernis, félagslegrar stöðu, eigna, fötlunar, ætternis eða annarra ástæðna.

21. Við munum gera hvers konar ráðstafanir til að tryggja fötluðum börnum og börnum með sérþarfir full mannréttindi og grundvallarfrelsi, þ.m.t. jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu, menntun og tómstundum, til að tryggja að þau njóti fullrar virðingar, til að stuðla að sjálfstrausti þeirra og að fullri þátttöku þeirra í samfélaginu.

22. Börn frumbyggja, börn úr minnihlutahópum og áhættuhópum verða fyrir verulega meira aðkasti en aðrir í mörgum löndum vegna alls kyns mismununar, þ.m.t. á grundvelli kynþáttar. Við munum gera viðeigandi ráðstafanir til að binda enda á mismunun, veita sérstakan stuðning og tryggja jafnan aðgang að þjónustu fyrir þessi börn.

23. Börn, einkum þó stúlkur, ná frekar árangri ef konur njóta fullra mannréttinda og grundvallarfrelsis, þ.m.t. réttarins til að þroskast, ef þeim er gert kleift að fullu og jöfnu að láta til sín taka á öllum sviðum samfélagsins og njóta verndar og búa ekki við ofbeldi, misþyrmingu eða mismunun. Við erum staðráðin í að útrýma hvers konar mismunun gagnvart stúlkubörnum alla ævi þeirra og veita þörfum þeirra sérstaka athygli í því skyni að stuðla að og vernda öll mannréttindi þeirra, þ.m.t. rétt þeirra til að vera lausar við valdbeitingu, skaðlegar venjur og kynferðislega misneytingu. Við munum stuðla að jafnrétti kynjanna og jöfnum aðgangi þeirra að félagslegri grunnþjónustu, svo sem menntun, næringu, heilsugæslu, þ.m.t. varðandi kynlíf og barneignir, bólsetningar og vernd gegn þeim sjúkdómum sem valda flestum dauðsföllum, og við munum leggja áherslu á jafnrétti kynjanna í öllum aðgerðaáætlunum og við stefnumörkun.

24. Við viðurkennum einnig þörfina fyrir það að takast á við breytt hlutverk karlmannna í samfélaginu, jafnt drengja, unglunga og feðra, og þau krefjandi viðfangsefni sem blasa við drengjum sem alast upp í nútímasamfélagi. Við munum enn fremur stuðla að sameiginlegri ábyrgð beggja foreldra í menntun og uppeldi barna og munum gera okkar besta til að tryggja að feðrum gefist tækifæri til að taka þátt í lífi barna sinna.

25. Miklu máli skiptir að í stefnumörkun einstakra ríkja séu sett markmið um að draga úr misskiptingu, einkum þeirrar sem stafar af mismunun á grundvelli kynþáttar, mismunun milli stúlkna og drengja, milli sveitabarna og borgarbarna, ríkra og fátækra barna og milli barna með fötlun og barna sem ekki eru með fötlun.

26. Til að tryggja heilbrigði og velferð barna verður að taka á ýmsum umhverfisvanda og horfum í umhverfismálum, svo sem hnattrænni hlýnun, þynningu ósonlagsins, loftmengun, spilliefnum, berskjöldun fyrir hættulegum kemískum efnum og skordýraeitri, ófullnægjandi sorphreinsun, skorti á hreinlæti, menguðu drykkjarvatni og menguðum matvælum og óviðunandi húsnæði.

27. Fullnægjandi húsnæði stuðlar að samheldni fjölskyldunnar og félagslegu réttlæti og styrkir félagsleg tengsl og samheldni fólks og eykur öryggi, en allt þetta er nauðsynlegt fyrir velferð barna. Samkvæmt því leggjum við mikla áherslu á að leysa húsnæðisvanda og koma til móts við aðrar grunnþarfir, einkum barna í afskiptum niðurníddum úthverfum og afskekktum sveitum.

28. Við munum gera ráðstafanir til að hafa stjórn á náttúruauðlindum okkar og vernda og varðveita umhverfið með sjálfbærum hætti. Við munum vinna að því að breyta ósjálfbærum framleiðslu- og neysluháttum og hafa í huga ýmsar meginreglur, þ.m.t. að ríkin hafa sameiginlegar en ólíkar skyldur gagnvart mismunandi hlutdeild í hnignun umhverfisins í heiminum. Við munum hjálpa til að fræða öll börn og alla fullorðna um nauðsyn þess að bera virðingu fyrir náttúrulegu umhverfi okkar í þágu heilbrigðis þeirra og velferðar.

29. Samningurinn um réttindi barnsins og valkvæðar bókanir hans hafa að geyma yfirgripsmikil ákvæði alþjóðalaga um vernd og velferð barna. Við gerum okkur einnig grein fyrir mikilvægi annarra alþjóðasamninga í þágu barna. Almennar meginreglur, meðal annars sjónarmiðið um að gera það sem er barni fyrir bestu, bann við mismunun, félagsleg tengsl, velferð og þroski eru grundvöllur aðgerða okkar í þágu barna, þ.m.t. unglinga. Við hvetjum öll ríki til að hafa það sem forgangsmál að undirrita og staðfesta eða gerast aðilar að Samningnum um réttindi barnsins, valkvæðum bókunum hans, svo og að samþykktum Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar nr. 138⁸ og 182⁹. Við hvetjum aðildarríkin til að framfylgja ákvæðum samningsins að fullu og afturkalla fyrirvara sem samræmast ekki markmiðum og tilgangi samningsins og taka til greina að endurskoða fyrirvara sína til að afturkalla þá.

30. Við fögnum gildistöku valkvæðra bókana við Samninginn um réttindi barnsins sem fjalla um þátttöku barna í stríðsátökum, barnasölu, barnavændi og barnaklám og hvetjum aðildarríkin til að framfylgja ákvæðum þeirra að fullu.

⁸ Samþykkt um lágmarksaldur við vinnu, 1973.

⁹ Samþykkt um afnám barnavinnu í sinni verstu mynd, 1999.

31. Við, ríkisstjórnirnar sem tókum þátt í Aukaallsherjarþinginu um málefni barna, skuldbindum okkur til að framfylgja framkvæmdaáætluninni með því að huga meðal annars að eftirtöldum ráðstöfunum:

a) Að setja, eftir því sem við á, sérstaka löggjöf, stefnumörkun og framkvæmdaáætlanir og veita fé til að vernda réttindi og tryggja velferð barna.

b) Að koma á fót og styrkja landsstofnanir, meðal annars embætti umboðsmanns barna, eftir því sem við á, eða stofnanir til að stuðla að og vernda réttindi barna.

c) Að koma á fót eftirlits- og matskerfi til að meta áhrif aðgerða okkar á börn.

d) Að efla sem mest skilning á réttindum barna.

Þátttakendur og samstarfsaðilar

32. Til að hrinda núverandi framkvæmdaáætlun í framkvæmd munum við styrkja tengsl okkar við eftirtalda aðila sem hafa sérstöku hlutverki að gegna og hvetja til þess að öllum ráðum verði beitt til að ná samstarfi um að vinna að sameiginlegum málstað okkar sem er velferð barna og efling og verndun réttinda þeirra:

1. Börn, þ.m.t. unglingar, verða að fá tækifæri til að nýta rétt sinn til að tjá skoðanir sínar óhindrað, eftir því hver þroski þeirra er, og efla sjálfstraust sitt, auka þekkingu sína og færni, til dæmis í því að leysa ágreining, taka ákvarðanir og til boðskipta, svo þau geti tekist á við krefjandi verkefni í lífinu. Rétt barna, að meðtöldum unglimum, til að tjá sig óhindrað ber að virða og efla og taka ber fullt mark á skoðunum þeirra í öllum málum sem snerta þau, þannig að skoðanir barns séu metnar til fulls miðað við aldur og þroska þess. Nauðsynlegt er að hlúa að krafti og sköpunargleði barna og ungmenna svo þau geti tekið fullan þátt í að móta umhverfi sitt, samfélag og þann heim sem þau munu erfa. Veita ber sérstaka athygli og styðja skal vanhaldin og afskipt börn, ekki síst unglinga, og greiða fyrir leið þeirra að grundvallarþjónustu, hjálpa þeim til að efla sjálfstraust sitt og búa þau undir að bera ábyrgð á eigin lífi. Við munum leitast við að þróa og framkvæma aðgerðir til að stuðla að virkri þátttöku barna, að unglimum meðtöldum, í ákvörðunum, þ.m.t. innan fjölskyldna, í skólum, á heimaslóðum og landsvísu.

2. Foreldrar, fjölskyldur, lögráðamenn og aðrir umönnunaraðilar hafa meginhlutverki að gegna og bera meginábyrgð á velferð barna og ber að styðja þá við umönnun og uppeldi

barnanna. Öll stefnumörkun okkar og áætlanir skulu miðast við að efla sameiginlega ábyrgð foreldra, fjölskyldna, lögráðamanna og annarra umönnunaraðila, svo og samfélagsins í heild að þessu leyti.

3. Sveitarfélög og yfirvöld geta séð til þess að málefni barna séu höfð í fyrirrúmi á öllum sviðum, meðal annars með aukinni samvinnu á öllum stigum. Með því að styðja núverandi verkefni, svo sem barnvæn samfélög og borgir án fátækrahverfa, geta borgarstjórar og sveitarstjórar og ráðamenn stuðlað verulega að bættum lífskjörum barna.

4. Þingmenn eða fulltrúar á löggjafarþingum skipta meginmáli við framkvæmd þessarar framkvæmdaáætlunar enda veltur góður árangur hennar á því að þeir stuðli að auknum skilningi, setji nauðsynleg lög, greiði fyrir fjárveitingum í þessu skyni og fylgist með góðri nýtingu þeirra.

5. Styðja ber frjáls félagasamtök og bæjarmálafélög og stofna til úrræða, eftir því sem við á, til að auðvelda þátttöku samfélagsins í málefnum barna. Áhrifamenn samfélagsins hafa sérstöku hlutverki að gegna í því að stuðla að og efla jákvæða hegðun og skapa umhverfi sem stuðlar að velferð barna.

6. Einkageirinn og fyrirtæki hafa sitt sérstaka framlag, allt frá því að stofna til og framkvæma aðgerðir, sem bera vott um félagslega ábyrgð, til þess að leggja fram fjármuni, þ.m.t. að stofna til nýstárlegra fjáröflunarleiða og áætlana um samfélagslegar úrbætur sem koma börnum til góða, svo sem að veita lág lán til þeirra sem eru mjög fátækir.

7. Trúarleiðtogar, andlegir og menningarlegir leiðtogar og leiðtogar frumbyggja, með sín öflugum tengslanet, hafa meginhlutverki að gegna sem talsmenn barna og geta hjálpað til að raða markmiðum þessarar framkvæmdaáætlunar í forgangsröð í þágu samfélagsins og virkjað og hvatt almenning til að taka til hendi í þágu barna.

8. Fjölmiðlar og stofnanir þeirra gegna meginhlutverki við að vekja athygli á stöðu barna og þeim vanda sem við þeim blasir. Þau ættu einnig að gegna mikilvægara hlutverki við að fræða börn, foreldra, fjölskyldur og almenning um verkefni sem vernda og stuðla að réttindum barna, og ættu einnig að styðja gerð fræðsluþátta handa börnum. Í þessu tilliti ættu fjölmiðlar að gera sér grein fyrir áhrifum sínum á börn.

9. Hvetja ber staðbundnar og alþjóðlegar stofnanir, einkum allar stofnanir Sameinuðu þjóðanna, Alþjóðabankann, Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og aðrar fjölþjóðastofnanir til að hafa samstarf um og taka að sér meginhlutverk við að flýta fyrir framförum og ná árangri í þágu barna.

10. Fólk sem hefur umsjón með börnum ber mikla ábyrgð. Mikilvægt er að efla stöðu þess, félagsanda og fagmennsku.

B. Markmið, stefnumörkun og aðgerðir

33. Síðan Heimsráðstefna um málefni barna var haldin hafa mikilvægir leiðtogafundir og ráðstefnur á vegum Sameinuðu þjóðanna, svo og endurskoðunarferlar þeirra, lýst yfir stuðningi við mörg markmið í málefnum barna. Við minnum enn á ný á skuldbindingar okkar til að ná þessum markmiðum og til að tryggja börnum okkar og framtíðarkynslóðum barna tækifæri sem foreldrar þeirra nutu ekki. Sem skref í áttina að því að leggja traustan grundvöll að því að ná alþjóðlegum markmiðum fyrir árið 2015, og markmiðum leiðtogafundarins sem haldinn var í tilefni upphafs nýs árþúsunds, einsetjum við okkur að ná þeim markmiðum sem enn er eftir að ná með stefnuföstum áfangamarkmiðum, á þessum áratug (2000–2010) og skulu eftirfarandi svið hafa forgang.

34. Með það í huga sem er barni fyrir bestu skuldbindum við okkur til að beita okkur fyrir eftirtöldum markmiðum, stefnumörkun og aðgerðum með tilliti til ástands í hverju ríki og með tilliti til mismunandi aðstæðna á hinum ólíku svæðum og löndum heimsins.

1. Að stuðla að heilbrigðu lífi

35. Vegna fátæktar og skorts á aðgangi að félagsþjónustu og heilbrigðisþjónustu deyja fleiri en 10 milljónir barna undir fimm ára aldri, nær helmingurinn nýfædd börn, á hverju ári af völdum sjúkdóma og vannæringar sem unnt væri að afstýra. Fylgikvillar þungunar og barneigna, svo og blóðleysi og næringarskortur mæðra, verða fleiri en hálfri milljón kvenna og unglinga að aldurtíla á hverju ári og valda enn fleiri einstaklingum fötlun og öðrum skaða. Rösklega einn milljarður manna hefur ekki aðgang að ómengdu drykkjarvatni; 150 milljónir barna undir fimm ára aldri eru vannærð; og meira en tveir milljarðar manna hafa ekki fullnægjandi hreinlætisaðstöðu.

36. Við erum staðráðin í að losa okkur úr vítahring vannæringar og heilsuleysis kynslóð eftir kynslóð með því að veita öllum börnum öruggt og heilbrigt veganesti út í lífið, veita þeim aðgang að grundvallarheilsugæslu í öllum samfélögum sem er virk, virðir jafnræði og er sjálfbær og viðunandi, tryggja þeim aðgang að upplýsingum og tilvísanakerfi, tryggja þeim aðgang að fullnægjandi vatnskerfi og hreinlætisaðstöðu og stuðla að heilbrigðum lífsháttum barna og ungmenna. Samkvæmt því einsetjum við okkur að ná eftirtöldum markmiðum í samræmi við niðurstöður nýafstaðinna ráðstefna, leiðtogafunda og Aukaallsherjarþingsins eins og þær koma fram í viðkomandi skýrslum:

(a) Að fækka dauðsföllum ungbarna og barna undir fimm ára aldri um a.m.k. þriðjung, með það markmið að ná þeim niður um tvo þriðju fyrir 2015.

(b) Að fækka dauðsföllum mæðra um a.m.k. þriðjung, síðan um tvo þriðju fyrir 2015.

(c) Að draga úr næringarskortum barna undir fimm ára aldri um a.m.k. þriðjung, með sérstaka áherslu á börn undir tveggja ára aldri, og draga úr lítilli fæðingarþyngd um a.m.k. þriðjung frá núverandi ástandi.

(d) Að minnka um a.m.k. þriðjung hlutfall heimila sem ekki hafa aðgang að þrífalegri hreinlætisaðstöðu og ódýru og ómenguðu drykkjarvatni.

(e) Að móta og framkvæma í hverju ríki stefnu og kerfi til að tryggja umönnun ungbarna til að þau öðlist líkamlegan, félagslegan, tilfinningalegan, andlegan og vitrænan þroska.

(f) Að móta og fylgja eftir heilbrigðisstefnu í hverju ríki fyrir unglinga, þ.m.t. markmið og mælikvarðar, svo líkamlegur og andlegur þroski þeirra eflist.

(g) Að veita öllum einstaklingum á tilteknum aldri aðgang að upplýsingum og aðstoð varðandi þungun og barneignir innan almenna heilsugæslukerfisins svo skjótt sem auðið verður og eigi síðar en 2015.

37. Til að ná þessum markmiðum og hafa í heiðri það sem er barni fyrir bestu samkvæmt landslögum, trúar- og siðareglum og menningarlegum uppruna fólks og í samræmi við öll mannréttindi og grundvallarfrelsi leggjum við áherslu á eftirfarandi stefnumörkun og aðgerðir:

1. Að tryggja að fækkun sjúkdóma og dauðsfalla þungaðra kvenna og nýbura verði forgangsmál innan heilsugæslunnar og að konum, einkum mjög ungum verðandi

mæðrum, verði tryggður greiður aðgangur og á viðráðanlegu verði að nauðsynlegri fæðingarhjálp, vel búinni heilbrigðisþjónustu með hæfu starfsfólki, viðveru kunnáttufólks við fæðingar, neyðarhjálp við barnsfæðingar, virkum tilvísunum og útvegum frekari umönnunar ef þörf krefur, umönnun eftir barnsburð og fjölskylduráðgjöf um barneignir, meðal annars til að stuðla að því að þær geti sinnt móðurhlutverki sínu með öruggum hætti.

2. Að veita aðgang að viðeigandi og notendavænni heilsugæsluþjónustu í hæsta gæðaflokki, svo og að menntun og upplýsingum handa öllum börnum.

3. Að stuðla með virkum hætti að heilbrigðum lífsháttum meðal einstaklinga á viðeigandi aldri, þ.m.t. í kynlífi og barneignum, í samræmi við skuldbindingar og niðurstöður nýafstaðinna ráðstefna og leiðtogafunda Sameinuðu þjóðanna, þ.m.t. Heimsráðstefnu um málefni barna, ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfismál og þróun, alþjóðlegrar ráðstefnu um fólksfjölda og þróun, heimsráðstefnu um félagslega þróun og fjórðu heimsráðstefnunni um málefni kvenna, og framvinduskýrslur þeirra og endurskoðun að fimm árum liðnum.

4. Að stuðla að heilbrigði og velferð barna og draga úr mismun milli þróaðra ríkja og þróunarríkja, og innan þeirra, svo skjótt sem auðið verður, þar sem sérstaklega verði tekið á því að koma í veg fyrir háa dánartíðni, einkum meðal mjög ungra stúlkubarna.

5. Að standa vörð um, styðja og stuðla að því að ungabörn séu einungis höfð á brjósti í a.m.k. hálft ár og eftir það fái þau öruggt, viðeigandi og fullnægjandi viðbótarfæði ásamt brjóstagjöf í allt að tvö ár eða lengur. Veita skal ráðleggingar um mataræði ungbarna.

6. Að leggja sérstaka áherslu á umönnun fyrir og eftir fæðingu, nauðsynlega fæðingarhjálp og umönnun nýbura, einkum meðal þeirra sem búa á svæðum þar sem ekki er aðgengi að slíkri þjónustu.

7. Að tryggja í hverju landi fullkomna bólusetningu 90% barna undir eins árs aldri og a.m.k. 80% barna á hverju svæði eða jafngildri stjórnsýslueiningu, að fækka dauðsföllum af völdum mislinga um helming fyrir árið 2005, að útrýma stífkrampa meðal mæðra og nýbura fyrir árið 2005 og veita börnum í öllum löndum aðgang að nýjum og bættum bóluefnum og sjúkdómsvörnum.

8. Að staðfesta fyrir árið 2005 að lömunarveiki hafi verið útrýmt í heiminum.

9. Að útrýma þráðormaveiki.

10. Að efla þroska barna í frumbersku með því að veita foreldrum viðeigandi þjónustu og stuðning, þ.m.t. fötluðum foreldrum, fjölskyldum, lögráðamönnum og umönnunaraðilum, einkum á meðgöngu, við fæðingu, í frumbersku og á bernskuárum til að tryggja líkamlegan, sálrænan, félagslegan, andlegan og vitrænan þroska barna.

11. Að efla öruggar og skilvirkar aðgerðir gegn þeim sjúkdómum og næringarskortum sem eru helstu orsakavaldar barnasjúkdóma og barnadauða, þ.m.t. með því að fækka um þriðjung dauðsföllum af völdum bráðra öndunarfærasýkinga, að fækka um helming dauðsföllum af völdum niðurgangs hjá börnum undir fimm ára aldri, að fækka um helming útbreiðslu berkla og dauðsföllum af þeirra völdum, að fækka tilfellum af iðrasníklum, kóleru, kynsjúkdóma, HIV-smiti og alnæmi og öllum tegundum lifrabólgu, og tryggja virkar, aðgengilegar og ódýrar ráðstafanir gegn slíku, einkum í mjög afskekktum jaðarbyggðum.

12. Að fækka um helming íþyngjandi sjúkdómum af völdum mýraköldu og tryggja að 60% þeirra sem eiga á hættu að fá mýraköldu, einkum börn og konur, sofi undir rekkjutjöldum sem hafa verið úðuð með skordýraeitri.

13. Að bæta næringu mæðra og barna, að meðtöldum unglíngum, með öruggri umgengni um matvæli heimilisins, aðgangi að félagslegri grunnþjónustu og viðeigandi umönnun.

14. Að styrkja íbúa og ríki þar sem er alvarlegur matvælaskortur og hungursneyð.

15. Að efla heilbrigðis-, mennta- og almannatryggingakerfi til að auka aðgang að samræmdri og virkri heilsugæslu, næringu og umönnun barna innan fjölskyldna, í samfélaginu, í skólum og á almennum heilsugæslustöðvum, þ.m.t. að bráðaþjónustu handa afskiptum drengjum og stúlkum.

16. Að fækka meiðslum á börnum af völdum slysa eða af öðrum sökum með þróun og framkvæmd viðeigandi aðgerða til forvarna.

17. Að tryggja virkan aðgang barna með fötlun og barna með sérþarfir að samhæfðri þjónustu, þ.m.t. endurhæfingu og heilsugæslu, svo og að stuðla að umönnun á vegum fjölskyldna og viðeigandi stuðningskerfi í þágu foreldra, fjölskyldna, lögráðamanna og umönnunaraðila slíkra barna.

18. Að veita börnum sem haldin eru geðsjúkdómum eða sálrænum kvillum sérstaka aðstoð.

19. Að styrkja líkamlega, andlega og tilfinningalega heilsu barna, þ.m.t. unglinga, með leikjum, íþróttum, afþreyingu, listsköpun og menningarlegri tjáningu.

20. Að móta og framkvæma stefnu og áætlanir í þágu barna, þ.m.t. unglinga, í því skyni að koma í veg fyrir neyslu fíkniefna, geðlyfja og innúðalyfja nema í lækningaskyni og draga úr neikvæðum áhrifum neyslu þeirra, svo og að styðja forvarnastarf, einkum gegn neyslu tóbaks og áfengis.

21. Að móta stefnu og áætlanir í þágu barna, þ.m.t. unglinga, til að draga úr ofbeldi og sjálfsvígum.

22. Að draga varanlega úr sjúkdómum af völdum joðskorts fyrir árið 2005 og A-vítamínskorts fyrir árið 2010, minnka um þriðjung blóðleysi, þ.m.t. járnskort, fyrir árið 2010, og herða sóknina gegn snefilefnaskorti með fjölbreyttara mataræði, efnabætingu matvæla og fæðubótarefnum.

23. Í því skyni að tryggja almennan aðgang að ómengdu vatni og fullnægjandi hreinlætisaðstöðu skal huga betur að því að efla getu fjölskyldna og samfélagsins til að hafa stjórn á núverandi kerfum og stuðla að breyttu atferli með menntun um heilbrigðismál og hreinlæti, þ.m.t. í námskrám skóla.

24. Að taka á hvers konar mismunun í heilsugæslu og félagslegri grunnþjónustu, þ.m.t. heilsugæslu í þágu barna frumbyggja og minnihlutahópa.

25. Að móta stefnu og áætlanir á grundvelli löggjafar, eftir því sem við á, á landsvísu og stuðla að alþjóðlegri samvinnu, meðal annars til að koma í veg fyrir að börn verði fyrir áhrifum skaðlegra mengunarefna í lofti, vatni, jarðvegi og matvælum.

2. Að veita góða menntun

38. Menntun er mannréttindi og er meginþátturinn í að draga úr fátækt og barnavinnu og stuðla að lýðræði, friði, umburðarlyndi og þroska. Þó njóta fleiri en 100 milljónir barna á grunnskólaaldri ekki skólagöngu, þar af er meirihlutinn stúlkur. Milljónir barna fá kennslu frá hendi ófaglærðra og illa launaðra leiðbeinenda í yfirfullum, óheilmæmum og illa búnum

kennslustofum. Og þriðjungur allra barna lýkur ekki fimm ára skólagöngu sem telst lágmark til þess að geta lesið og skrifað.

39. Eins og samþykkt var á heimsráðstefnu um menntun í Dakar,¹⁰ sem staðfesti á ný fyrir mælt hlutverk Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) að afla samstarfsaðila við verkefnið Menntun fyrir alla (Education For All) og halda þeim sameiginlega við efnið til að tryggja grunnmenntun, leggjum við mikla áherslu á að tryggja fyrir árið 2015 að öll börn fái lokið fullri, ókeypis, skyldubundinni og góðri grunnskólamenntun. Við stefnum einnig að síauknu framboði framhaldsskólamenntunar. Til að ná ofangreindum markmiðum einsetjum við okkur að ná eftirtöldum markmiðum:

a) Að auka og bæta yfirgripsmikla umönnun barna í frumbersku og menntun stúlkna og drengja, einkum þeirra sem standa höllustum fæti og eru í mestri hættu.

b) Að minnka þann hóp barna á grunnskólaaldri um 50% sem nýtur ekki skólagöngu og auka innritun í grunnskóla eða þátttöku í öðrum góðum kennsluáætlunum á grunnskólastigi upp í a.m.k. 90% fyrir árið 2010.

c) Að útrýma kynjamismunun í grunnskólum og framhaldsskólum fyrir árið 2005 og ná jafnrétti kynjanna í menntamálum fyrir árið 2015 þar sem áhersla er lögð á að tryggja stúlkum fullan og jafnan aðgang að og árangur í góðri grunnmenntun.

d) Að bæta alla þætti góðrar menntunar til að gera börnum og ungmennum kleift að öðlast viðurkennda og mælanlega menntun, einkum í reikningi, lestri og skrift og nauðsynlegri lífsleikni.

e) Að tryggja að námsþörfum allra ungmenna sé fullnægt með aðgangi að viðeigandi áætlunum um nám og lífsleikni.

f) Að bæta um helming lestrar- og skriftarkunnáttu fullorðinna, einkum kvenna, fyrir árið 2015.

40. Til að ná þessum markmiðum munum við marka eftirfarandi stefnu og grípa til eftirtalinna aðgerða:

¹⁰ Sjá lokaskjal Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna frá heimsráðstefnu um menntun, 26.–28. apríl 2000 (París 2000).

1. Að móta og framkvæma sérstaka stefnu til að tryggja að öll börn og unglingar eigi auðveldan aðgang að námi og allar fjölskyldur hafi ráð á grunnmenntun.
2. Að efna til nýstárlegra áætlana sem hvetja skóla og samfélög til að leita uppi með virkum hætti börn sem hafa hætt í skóla eða er meinuð skólaganga og menntun, einkum stúlkur og börn í vinnu, börn með sérþarfir og börn með fötlun, og hjálpa þeim til að hefja skólanám, sækja skóla og ljúka námi með góðum árangri og fá jafnt stjórnvöld, fjölskyldur, samfélagið og frjáls félagasamtök til samstarfs í menntaferlinu. Gera þarf sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að börn hætti í skóla, meðal annars vegna atvinnuþátttöku.
3. Að brúa bilið milli formlegrar og óformlegrar menntunar og hafa í huga nauðsyn þess að tryggja gott menntakerfi, þ.m.t. færni kennara og leiðbeinenda, og viðurkenna að óformleg menntun og óhefðbundnar kennsluáferðir geti borið góðan árangur. Auk þess er nauðsynlegt að mynda eðlileg tengsl milli þessara tveggja kerfa til fyllingar hvort öðru.
4. Að tryggja að allar áætlanir í grunnnámi séu aðgengilegar, ætlaðar öllum og komi til móts við börn með sérþarfir og börn með hvers konar fötlun.
5. Að tryggja að börn frumbyggja og minnihlutahópa hafi aðgang að góðri menntun á sama grundvelli og önnur börn. Gera verður ráðstafanir til að veita slíka menntun þannig að hún svari arfleifð þeirra. Einnig ber að gera ráðstafanir til að veita tækifæri til náms þannig að börn frumbyggja og minnihlutahópa öðlist skilning á og geti viðhaldið menningararfleifð sinni, þ.m.t. mikilvægum þáttum svo sem tungumáli og gildismati.
6. Að móta og framkvæma sérstaka stefnu til að bæta menntun og koma til móts við námsþarfir allra.
7. Að skapa ásamt börnum vinsamlegt námsumhverfi þar sem þau finna að þau eru örugg og vernduð fyrir misþyrmingu, ofbeldi og mismunun, eru heilbrigð og fá hvatningu til að læra. Að tryggja að námsáætlanir og námsefni fjalli um eflingu og vernd mannréttinda, gildi friðar, umburðarlyndi og jafnrétti kynjanna og nýti sérhvert tækifæri sem gefst á alþjóðlegum áratugi friðarmenningar og ofbeldisleysis gagnvart börnum heimsins (2001–2010).

8. Að styrkja umönnun og menntun í frumbersku með því að veita þjónustu, móta og styðja áætlanir sem gagnast fjölskyldum, lögráðamönnum, umönnunaraðilum og samfélögum.
9. Að veita unglingum tækifæri til menntunar og þjálfunar til að hjálpa þeim að tryggja sér góð og varanleg lífskjör.
10. Að móta, þar sem það á við, og framkvæma aðgerðir sem gera þunguðum unglingsstúlkum og ungum mæðrum kleift að ljúka skólagöngu.
11. Að hvetja til áframhaldandi þróunar og framkvæmdar áætlana handa börnum, að unglingum meðtöldum, einkum í skólum, til að koma í veg fyrir/draga úr neyslu tóbaks og áfengis, greina, vinna gegn og koma í veg fyrir sölu fíkniefna og geðlyfja nema í lækningaskyni með því meðal annars að styðja upplýsingaherferðir í fjölmiðlum um skaðleg áhrif slíkra efna og hætta á ávanabindingu og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ráðast að rótum vandans.
12. Að styðja nýstárlegar áætlanir til að hvetja láglaunafólk með börn á skólaaldri til að efla skólagöngu stúlkna og pilta og tryggja að þeim sé ekki gert að stunda vinnu með þeim hætti að það trufla skólagöngu þeirra.
13. Að móta og framkvæma aðgerðir sem er sérstaklega ætlað að útrýma kynjamismunum í aðgangi að námi og kyntengdum fordómum og staðlaðri ímynd í menntakerfum, námskrám og námsefni, hvort sem orsökina er hlutdrægar venjur, félagsleg eða menningarleg afstaða eða lagalegar og efnahagslegar aðstæður.
14. Að efla stöðu, siðferðisþrek, þjálfun og fagmennsku kennara, þ.m.t. leikskólakennara, og tryggja launakjör við hæfi þeim til handa og hvatningu til framfara.
15. Að móta yfirstjórn menntamála og stjórnun í skólum, samfélaginu og á landsvísi sem er ábyrg, lagar sig að aðstæðum og er þátttakandi í samfélaginu.
16. Að koma til móts við námsþarfir barna sem hafa verið í hættuástandi með því að tryggja að kennsla fari fram meðan hættuástand varir og eftir það og gera námsáætlanir sem stuðla að friðarmenningu með þeim hætti að slíkt komi í veg fyrir ofbeldi og átök og stuðla að endurhæfingu fórnarlamba átaka.

17. Að veita greiðan aðgang að tómstundum og íþróttum og húsnæði í skólum og samfélaginu.

18. Að virkja hina ört vaxandi upplýsinga- og fjarskiptatækni til að styðja menntun á viðráðanlegu verði, þ.m.t. kennslu fyrir alla og fjarkennslu, og draga úr misrétti í gæðum og aðgangi.

19. Að móta stefnu til að draga úr áhrifum HIV-smits og alnæmis á skólakerfi og skóla, nemendur og lærdóm.

3. Að vernda gegn misþyrmingu, misnotkun og ofbeldi

41. Hundruð milljónir barna líða þjáningar og deyja af völdum styrjalda, ofbeldis, misnotkunar, vanrækslu og alls konar misþyrminga og mismununar. Um allan heim búa börn við sérlega erfiðar aðstæður: Varanlega fötluð eða alvarlega slösuð af völdum stríðsátaka, á vergangi eða hafa verið rekin úr eigin landi og orðið flóttamenn, þjást af náttúrulegum sjúkdómum og sjúkdómum af mannavöldum, þ.m.t. af völdum geislunar og hættulegra kemískra efna, þau eru börn farandverkamanna og annarra vanhaldinna hópa, þau eru fórnarlömb kynþáttahatus, mismununar kynþátta, útlendingahatus og hvers konar umburðarleysis.

Sala, smygl, líkamleg og kynferðisleg misneyting og brottnám barna, svo og efnahagsleg misneyting, jafnvel af verstu tegund, er daglegt brauð barna um allan heim og heimilisofbeldi og kynferðislegt ofbeldi gagnvart konum og börnum er víða alvarlegt vandamál.

Í mörgum löndum hafa efnahagsþvinganir haft félagsleg áhrif og mannúðaráhrif á almenna íbúa, einkum á konur og börn.

42. Í sumum löndum hafa einhliða aðgerðir, sem ekki eru í samræmi við alþjóðalög eða stofnskrá Sameinuðu þjóðanna og hindra viðskipti milli landa, haft neikvæð áhrif á lífskjör barna, dregið úr eðlilegri félagslegri og efnahagslegri þróun og skert lífskjör hlutaðeigandi þjóða, einkum kvenna og barna, þ.m.t. unglinga.

43. Börn hafa rétt til verndar gegn hvers konar misþyrmingu, vanrækslu, misnotkun og ofbeldi. Þjóðfélögin verða að útrýma hvers konar ofbeldi gegn börnum. Því einsetjum við okkur að:

- a) vernda börn fyrir hvers konar misþyrmingu, vanrækslu, misnotkun og ofbeldi,
- b) vernda börn gegn áhrifum stríðsátaka og tryggja að farið sé að alþjóðlegum mannúðarlögum og mannréttindalögum,
- c) vernda börn gegn hvers konar kynferðislegri misnotkun, þ.m.t. misnotkun barnaníðinga, barnasölu og brottnámi barna,
- d) gera tafarlausar og skilvirkar ráðstafanir til að útrýma verstu tegundum barnavinnu samkvæmt skilgreiningu samþykktar Alþjóðavinnuáráðsáttunnarinnar, nr. 182, og vinna að stefnumörkun og framkvæma hana í því skyni að útrýma barnavinnu sem stríðir gegn viðurkenndum alþjóðlegum stöðlum,
- e) bæta kjör milljóna barna sem búa við afar slæmar aðstæður.

44. Til að ná þessum markmiðum munum við stuðla að eftirtalinni stefnumörkun og aðgerðum:

Almenn vernd

1. Að móta kerfi til að tryggja skráningu allra barna við fæðingu eða skömmu eftir fæðingu og fullnægja rétti þeirra til að vera gefið nafn og ríkisfang samkvæmt alþjóðalögum og viðeigandi alþjóðasamningum.
2. Að hvetja öll ríki til að taka upp og framfylgja lögum og bæta framkvæmd stefnuskráa og áætlana um að vernda börn gegn hvers konar ofbeldi, vanrækslu, misþyrmingu og misnotkun, jafnt á heimilum, í skóla eða á öðrum stofnunum, á vinnustað eða í samfélaginu.
3. Að gera sérstakar ráðstafanir til að útrýma mismunun gagnvart börnum á grundvelli kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungumáls, trúarbragða, stjórnmalaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernis, félagslegrar stöðu, eigna, fötlunar, ætternis eða annarra aðstæðna og tryggja jafnan aðgang þeirra að menntun, heilbrigðisþjónustu og félagslegri grunnþjónustu.
4. Að binda enda á refsileysi fyrir hvers konar glæpi gegn börnum með því að draga hina brotlegu fyrir dóm og auglýsa hvaða refsingar eru fyrir slíka glæpi.

5. Að gera ráðstafanir til að forðast hvers konar einhliða aðgerðir sem samrýmast ekki alþjóðalögum og stofnskrá Sameinuðu þjóðanna og hindra að hlutaðeigandi þjóðir geti náð fullum efnahagslegum og félagslegum þroska, einkum börn og konur, sem heftir velferð þeirra og leggur stein í götu þeirra þannig að þau fá ekki notið fullra mannréttinda, þ.m.t. réttar allra til lífskjara sem eru fullnægjandi fyrir heilsu þeirra og velferð og réttar þeirra til að fá mat, læknisþjónustu og nauðsynlega félagsþjónustu. Einnig að tryggja að hvorki matvæli né læknislyf séu notuð til að beita pólitískum þrýstingi.

6. Að vekja athygli á því að það er ólöglegt og hefur skaðlegar afleiðingar að láta hjá líða að vernda börn fyrir ofbeldi, misþyrmingu og misnotkun.

7. Að stuðla að myndun forvarna-, stuðnings- og umönnunarþjónustu, svo og réttarkerfis sem hentar börnum sérstaklega, og hafa í huga meginreglur um uppbyggjandi réttlæti og veita réttindum barna fulla vernd og útvega sérþjálfað starfsfólk sem vinnur að enduraðlögun barna að samfélaginu.

8. Að vernda börn gegn pyntingum og annarri grimmdarlegri, ómannlegri eða niðurlægjandi meðferð eða refsingum. Að skora á ríkisstjórnir allra ríkja, einkum í löndum þar sem dauðarefsing hefur ekki verið afnumin, að fullnægja þeim skuldbindingum sem þær hafa undirgengist samkvæmt viðeigandi ákvæðum alþjóðlegra mannréttindalaga, einkum 37. og 40. gr. Samningsins um réttindi barnsins og 6. og 14. gr. Alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórn mála réttindi.¹¹

9. Að binda enda á hefðbundna eða venjubundna siði sem vanhelga réttindi barna og kvenna, svo sem giftingu ungra barna og nauðungargiftingar, svo og misþyrmingu á kynfærum kvenna.

10. Að koma á fót úrræðum til að veita sérstaka vernd og aðstoð börnum sem eiga engan að.

11. Að taka upp og framkvæma stefnu til að fyrirbyggja, vernda, endurhæfa og enduraðlaga, eftir því sem við á, börn sem búa við kröpp kjör og eru í hættu, þ.m.t. munaðarleysingjar, yfirgefin börn, börn farandverkamanna, börn sem vinna og eða búa á

¹¹ Sjá ályktun 2200 A (XXI), viðauki.

götunni og börn sem búa við mjög mikla fátækt, og tryggja aðgang þeirra að menntun, heilsugæslu og félagsþjónustu eftir því sem við á.

12. Að vernda börn gegn ættleiðingum og fóstri sem eru ólögleg, gerð í gróðaskyni eða stríða gegn meginhagsmunum þeirra.

13. Að taka á tilvikum þar sem annað foreldrið rænir barni og flytur það til annars lands.

14. Að berjast gegn og koma í veg fyrir að börn, þ.m.t. unglingar, séu notuð til að stunda ólöglega framleiðslu og sölu fíkniefna og geðlyfja.

15. Að stuðla að yfirgripsmiklum áætlunum til að berjast gegn því að börn, þ.m.t. unglingar, séu notuð til að stunda framleiðslu og sölu fíkniefna og geðlyfja.

16. Að gera viðeigandi meðferð og endurhæfingu aðgengilega fyrir börn, þ.m.t. unglinga, sem eru orðin háð notkun fíkniefna, geðlyfja, innúðalyfja og áfengis.

17. Að veita vernd og aðstoð flóttamönnum og fólki á vergangi, þar sem meirihlutinn er konur og börn, í samræmi við alþjóðalög, að meðtöldum alþjóðlegum mannúðarlögum.

18. Að tryggja að börn sem verða illa úti í náttúruhamförum fái skjóta og virka mannúðarhjálp með skuldbindingum um endurbætur á aðstöðu til viðlagahjálpar og viðbúnað til neyðaraðstoðar, og þeim sé veitt hvers konar aðstoð og vernd til að hjálpa þeim að lifa eðlilegu lífi svo skjótt sem auðið er.

19. Að hvetja til aðgerða til að vernda börn fyrir ofbeldisfullum eða skaðlegum vefsíðum, tölvuforritum og tölvuleikjum sem hafa neikvæð áhrif á sálrænan þroska barna, að teknu tilliti til ábyrgðar fjölskyldna, foreldra, lögráðamanna og umönnunaraðila.

Vernd gegn stríðsátökum

20. Að efla vernd barna sem hafa orðið fyrir áhrifum af stríðsátökum og gera virkar ráðstafanir til að vernda börn á svæðum sem erlend ríki hafa hernumið.

21. Að tryggja að málefni sem snerta réttindi og vernd barna komi skýrt fram í verkaskrá friðarumleitana og friðarsamningum og séu felld, eftir því sem við á, inn í friðargæslustörf Sameinuðu þjóðanna og áætlanir um uppbyggingu til friðar, og að börn taki þátt í slíku þar sem því verður við komið.

22. Að binda enda á herkvaðningu og notkun barna í stríðsátökum, sem stríðir gegn alþjóðalögum, og tryggja að þau losni úr herþjónustu og séu örugglega afvopnuð, og gera virkar ráðstafanir til að endurhæfa þau líkamlega og andlega og hjálpa þeim að aðlagast samfélaginu á ný.

23. Að binda enda á refsileysi, lögsækja þá sem bera ábyrgð á þjóðarmorðum, glæpum gegn mannkyni og stríðsglæpum og útiloka, þar sem því verður við komið, slíka glæpi úr ákvæðum um náðun og lögum um náðun, og tryggja að þegar stofnunum er komið á fót að loknum ófriði til að komast að hinu sanna og ná fram réttlæti þá sé tekið á alvarlegum glæpum gegn börnum og viðeigandi aðgerðum beitt þar sem tekið er tillit til viðkvæmni barna.

24. Að gera róttækar ráðstafanir gegn hvers konar hryðjuverkastarfsemi sem heftir alvarlega þroska og velferð barna.

25. Að veita viðeigandi þjálfun og menntun í rétti og vernd barna, svo og í alþjóðlegum mannúðarlögum ætluðum öllum óbreyttum borgurum, hermönnum og lögreglumönnum sem taka þátt í friðargæslu.

26. Að hefta ólöglegan straum handvopna og léttvopna og vernda börn gegn jarðsprengjum, ósprungnum skotfærum og öðrum hergögnum sem þeim stafar hætta af og veita aðstoð börnum sem hafa orðið illa úti á meðan stríðsátök standa og eftir þau.

27. Að einsetja okkur að efla alþjóðasamvinnu, þ.m.t. að deila byrðinni milli landa sem taka við flóttamönnum og samræma mannúðarhjálp og aðstoða alla flóttamenn og fólk á vergangi, þ.m.t. börn og fjölskyldur þeirra, til að snúa af fúsum og frjálsum vilja aftur til heimila sinna í öryggi og með fullri virðingu og aðlagast auðveldlega samfélaginu á ný.

28. Að móta og framkvæma stefnu og áætlanir í hjálparstarfi með nauðsynlegri alþjóðlegri þátttöku, til að vernda flóttabörn og börn sem óska eftir hæli, annast þau, tryggja velferð þeirra og veita þeim aðgang að félagslegri grunnþjónustu, þ.m.t. aðgangur að menntun, auk heilsugæslu og fæðu.

29. Að leggja megináherslu á áætlanir um að leita uppi fjölskyldur og sameina þær og halda áfram að fylgjast með umönnun einstæðinga og eða barna sem hafa týnt fjölskyldu sinni og eru á vergangi.

30. Að meta og fylgjast reglulega með áhrifum refsiaðgerða á börn og gera brýnar og skilvirkar ráðstafanir samkvæmt alþjóðalögum til að draga úr neikvæðum áhrifum efnahagslegra refsiaðgerða á konur og börn.

31. Að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda börn gegn því að vera tekin í gíslingu.

32. Að móta sérstaka stefnu til að vernda stúlkubörn og sjá fyrir sérstökum þörfum þeirra og vernda viðkvæma stöðu þeirra þegar stríðsátök geisa.

Að berjast gegn barnavinnu

33. Að gera tafarlausar og skilvirkar ráðstafanir til að tryggja að verstu tegundir barnavinnu séu bannaðar og þeim útrýmt, enda er þar brýn þörf fyrir skjótar aðgerðir. Að sjá um endurhæfingu og félagslega aðlögun barna sem tekin hafa verið úr verstu tegundum barnavinnu, meðal annars með því að tryggja þeim ókeypis aðgang að grunnmenntun og, þar sem því verður við komið, starfsmenntun.

34. Að gera viðeigandi ráðstafanir til að hver hjálpi öðrum til að útrýma verstu tegundum barnavinnu með aukinni alþjóðlegri samvinnu og/eða aðstoð, þ.m.t. með stuðningi við félagslega og efnahagslega þróun, áætlun um útrýmingu fátækar og almennri menntun.

35. Að ákveða og framkvæma stefnu til að vernda börn gegn efnahagslegri misnotkun og gegn vinnu sem líklegt er að sé þeim hættuleg eða valdi truflunum á menntun þeirra eða er skaðleg heilsu þeirra eða líkamlegum, huglægum, andlegum, siðferðilegum eða félagslegum þroska.

36. Að vernda börn, í þessu sambandi, gegn hvers konar efnahagslegri misneytingu með því að nýta innlenda samstarfsaðila og alþjóðlega samvinnu og bæta aðstæður barna meðal annars með því að veita vinnandi börnum aðgang að ókeypis grunnmenntun og starfsmenntun og aðlaga þau menntakerfinu með öllum mögulegum leiðum og hvetja til stuðnings við félagslegar og efnahagslegar umbætur sem stuðla að útrýmingu fátæktar og veita fjölskyldum, einkum konum, aðstöðu til að fá launaða vinnu.

37. Að stuðla að alþjóðlegri samvinnu við að aðstoða þróunarríki samkvæmt beiðni þeirra til að takast á við barnavinnu og meginorsakir hennar, meðal annars með félagslegum og

efnahagslegum aðgerðum í því skyni að útrýma fátækt og leggja áherslu á að vinnustaðlar séu ekki notaðir í þágu viðskiptahafta.

38. Að efla söfnun og úrvinnslu gagna um barnavinnu.

39. Að leggja áherslu á það í aðgerðum gegn barnavinnu að vinna að útrýmingu fátæktar og framþróun, einkum hvað varðar stefnumörkun og áætlanir í heilbrigðismálum, menntamálum, atvinnumálum og félagslegri vernd.

Útrýming verslunar með börn og kynferðislegs ofbeldis gegn börnum

40. Að gera samstillt átak á landsvísu og á alþjóðavettvangi vegna brýnnar þarfar á tafarlausum aðgerðum til að útrýma verslun með börn og sölu á líffærum barna, kynferðislegri misnotkun og misneytingu í hagnaðarskyni, þ.m.t. misneyting barna, klámmyndagerð og vændi og kynferðislegt ofbeldi gegn börnum, og berjast gegn núverandi mörkuðum á þessu sviði.

41. Að auka skilning á ólögmati og skaðlegum afleiðingum kynferðislegrar misnotkunar og misneytingar í hagnaðarskyni, þ.m.t. á netinu, og verslunar með börn.

42. Að afla stuðnings einkageirans, þ.m.t. ferðaþjónustunnar og fjölmiðla, til að berjast gegn kynferðislegri misnotkun og verslun með börn.

43. Að leita uppi og takast á við þær undirliggjandi orsakir, þ.m.t. utanaðkomandi áhrif, sem liggja að baki kynferðislegri misnotkun og verslun með börn og efla forvarnir gegn kynferðislegri misnotkun og verslun með börn.

44. Að tryggja velferð, vernd og öryggi fórnarlamba verslunar með börn og kynferðislegrar misnotkunar og veita aðstoð og þjónustu til að auðvelda þeim að ná sér og aðlagast samfélaginu á ný.

45. Að gera nauðsynlegar ráðstafanir á öllum sviðum, eftir því sem við á, til að fá hvers konar kynferðislega misnotkun og misneytingu barna, þ.m.t. innan fjölskyldna eða í hagnaðarskyni, svo sem barnavændi, ofbeldi barnaníðinga, barnaklám, sala barna til ferðamanna, verslun með börn, sala líffæra úr börnum og barnaþrælkun og hvers konar önnur misnotkun, viðurkennda sem glæp og refsar harðlega fyrir hann samkvæmt öllum viðeigandi alþjóðasamningum og tryggja að í meðferð réttarkerfisins verði ávallt haft í huga það sem er börnum fyrir bestu.

46. Að fylgjast með og skiptast á upplýsingum innanlands og á alþjóðavettvangi um sölu barna yfir landamæri, að styrkja stöðu yfirmanna landamæragæslu og lögreglu til að stöðva barnasölu og sjá þeim fyrir eða efla þjálfun þeirra svo þeim sé kleift að virða reisn, mannréttindi og grundvallarfrelsi allra þeirra sem ganga kaupum og sölum, einkum kvenna og barna.

47. Að gera nauðsynlegar ráðstafanir, þ.m.t. með aukinni samvinnu ríkisstjórna, samstarfsstofnana þeirra, einkageirans og frjálsra félagasamtaka, til að berjast gegn glæpsamlegri notkun upplýsingatækni, þ.m.t. netsins, í því skyni að stunda sölu á börnum, til að stuðla að barnavændi, barnaklámi, sölu barna til ferðamanna, misþyrmingu barnaníðinga og öðrum tegundum ofbeldis og misnotkunar á börnum og unglíngum.

4. Að berjast gegn HIV-smiti og alnæmi

45. Heimsfaraldur af völdum HIV og alnæmis hefur ógnvænleg áhrif á börn og þá sem annast þau. Á þetta meðal annars við um þær 13 milljónir barna hafa misst foreldra sína úr alnæmi, þau tæplega 600.000 ungabörn sem smitast á hverju ári af móður sinni og þær milljónir ungmenna hafa smitast af HIV og búa við einkenni sjúkdómsins en hafa ekki aðgang að viðeigandi ráðgjöf, umönnun og stuðningi.

46. Til að vinna gegn ógnvænlegum áhrifum HIV og alnæmis meðal barna einsetjum við okkur að gera brýnar og róttækar ráðstafanir, eins og samþykkt var á Aukaallsherjarþinginu um HIV-smit og alnæmi¹² og leggja megináherslu á eftirtalin markmið og skuldbindingar:

a) Fyrir árið 2003 ætlum við að vera búin að ákveða tímasett markmið á landsvísu til að ná því meginmarkmiði, sem samþykkt hefur verið á alþjóðavettvangi, að fækka tilfellum HIV-smits fyrir árið 2005 um 25% hjá ungum körlum og konum á aldrinum 15–24 ára, um 25% í þeim löndum þar sem ástandið er verst og um 25% í öllum heiminum fyrir árið 2010, og að efla aðgerðir til að ná þessum markmiðum, auk þess að ganga í berhögg við staðlaðar kynjaímyndir og afstöðu og misrétti kynjanna varðandi HIV og alnæmi og hvetja til virkrar þátttöku karla og drengja.

b) Fyrir árið 2005 ætlum við að hafa dregið úr HIV-smiti ungbarna um 20% og um 50% fyrir árið 2010 með því að tryggja að 80% barnshafandi kvenna, sem njóta umönnunar fyrir fæðingu, fái upplýsingar, ráðgjöf og aðra þjónustu til að verjast HIV-smiti og auka framboð

¹² Sjá ályktun S-26/2.

og aðgang HIV-smitaðra kvenna og barna að skilvirkri meðferð til að draga úr líkum á því að móðir smiti barn sitt með HIV, svo og virka aðstoð við HIV-smitaðar konur, þ.m.t. valfrjáls ráðgjöf í trúnaði og prófanir, aðgangur að meðferð, einkum meðferð gegn retróveirusýkingu og, þar sem við á, fæðu í stað brjóstamjólkur og að veita áframhaldandi umönnun.

c) Fyrir árið 2003 ætlum við að hafa mótað, og fyrir árið 2005 hrundið í framkvæmd, stefnumótun og áætlunum sem ætlað er að efla og styrkja möguleika stjórnvalda, fjölskyldna og samfélagsins til að veita munaðarleysingjum og stúlkum og drengjum, sem eru smituð af HIV eða af alnæmi, stuðning, þ.m.t. með því að veita viðeigandi ráðgjöf og félags- og sálfræðilegan stuðning, tryggja að þau geti stundað nám og hafi aðgang að húsaskjól, góðri fæðu og heilbrigðis- og félagsþjónustu til jafns við önnur börn, að vernda munaðarleysingja og varnarlaus börn gegn hvers konar misþyrmingu, ofbeldi, misnotkun, mismunun, barnasölu og missi arfleifðar.

47. Til þess að ná ofangreindum markmiðum munum við leggja áherslu á eftirfarandi stefnu og aðgerðir:

1. Að hafa fyrir árið 2003 tryggt setningu eftirfarandi stefnu og lagt áherslu á aðgerðir og gert fjárhagsáætlanir, með aðstoð margra aðila í hverju landi, til að berjast gegn útbreiðslu HIV-smits og alnæmis: Að taka faraldurinn föstum tókum, að takast á við smán, þögn og afneitun, svo og kanna hvort kynið og hvaða aldursflokkar smitast helst, að útrýma fordómum og útskúfun, að fá samfélagið og viðskiptaheiminn til þátttöku í baráttunni, svo og að afla fullrar samvinnu fólks sem hefur smitast af HIV og býr við alnæmi, þeirra sem eru í áhættuhópum og þeirra sem eru í mestri hættu, einkum konur og ungmenni, að afla sem mestra fjármuna á fjárlögum án þess að útiloka aðrar fjármögnunarleiðir, meðal annars með alþjóðlegri samvinnu, að efla af fullum mætti og vernda öll mannréttindi og grundvallarfrelsi, þ.m.t. réttinn til að búa við bestu líkamlegu og andlegu heilsu, samþætta afstöðu til kynjanna, takast á við áhættu og varnarleysi, efla forvarnir, umönnun, meðferð og stuðning og draga úr áhrifum faraldursins og efla getu heilbrigðis-, mennta- og réttarkerfa.

2. Að hafa fyrir árið 2005 tryggt að a.m.k. 90% og fyrir árið 2010 a.m.k. 95% ungra karla og kvenna á aldrinum 15–24 ára fái aðgang að upplýsingum og fræðslu, þ.m.t. jafningjafræðslu og fræðslu um HIV-smit sem ætluð er ungmennum, svo og nauðsynlegri þjónustu til að þróa með sér lífsleikni til að draga úr varnarleysi sínu gagnvart HIV-smiti, í fullu samráði við ungmenni, foreldra, skólafólk og heilbrigðisstéttir.

3. Fyrir árið 2005 ætlum við að hafa mótað og náð verulegum árangri í framkvæmd yfirgripsmikillar stefnu í umönnunarmálum til að efla umönnun af hálfu fjölskyldunnar og samfélagsins, þ.m.t. á vegum óformlegra aðila, svo og heilsugæsluþjónustu til að veita ungu fólki með HIV-smit og alnæmi meðferð og hafa eftirlit með því, þ.m.t. smituðum börnum, og að styðja einstaklinga, heimili, fjölskyldur og samfélög, sem eiga við HIV-smit og alnæmi að glíma, að auka getu og efla starfsaðstöðu heilbrigðisstarfsfólks og virkni birgðakerfa, fjárhagsáætlana og tilvísanakerfa sem nauðsynleg eru til að veita aðgang að ódýrum lyfjum, þ.m.t. andretróveiru-lyfjum, sjúkdómsgreiningu og skyldri tækni, svo og lækniþjónustu, lyfjum til að halda sjúkdómseinkennum niðri og félagssálfræðilegri umönnun.

4. Fyrir árið 2005 ætlum við að hafa gert ráðstafanir til að auka möguleika kvenna og unglingsstúlkna á að verjast hættu á HIV-smiti, einkum með því að útvega aðgang að heilsugæslu og heilbrigðisþjónustu, þ.m.t. ráðgjöf um kynlíf og barneignir, og með forvarnafræðslu þar sem lögð er áhersla á jafnrétti kynjanna þar sem slík mál eru viðkvæm af menningarlegum ástæðum.

5. Fyrir árið 2003 ætlum við að hafa mótað og/eða eflt stefnumótun og áætlanir sem viðurkenna mikilvægi fjölskyldunnar til að draga úr varnarleysi, meðal annars með því að fræða börn og leiðbeina þeim, með tilliti til menningarlegra, trúfræðilegra og siðfræðilegra þátta, í því skyni að draga úr varnarleysi barna og ungmenna með því að tryggja aðgang jafnt stúlkna og pilta að grunnskóla- og framhaldsskólanámi, þ.m.t. námsefni fyrir unglinga um HIV-smit og alnæmi, að tryggja þeim öruggt umhverfi, einkum ungum stúlkum, að auka dreifingu hagnýtra upplýsinga sem henta unglingum, auka fræðslu og ráðgjöf um heilbriggt kynlíf, efla áætlanir sem varða ráðgjöf um kynlíf og barneignir, og fá fjölskyldur og ungmenni til samstarfs við að undirbúa, framkvæma og meta aðgerðir til að verjast HIV-smiti og alnæmi og að annast smitaða einstaklinga eftir því sem við verður komið.

6. Fyrir árið 2003 ætlum við að hafa mótað og hafið framkvæmd landsáætlana sem auka þekkingu á HIV-smiti og alnæmi, forvörnum, umönnun og meðferð sem verður hluti af áætlunum eða aðgerðum um neyðarhjálp, þar eð við gerum okkur grein fyrir því að fólk, sem flosnað hefur upp af völdum stríðsátaka, neyðarástands og náttúruhamfara, þ.m.t. flóttamenn og fólk á vergangi, einkum konur og börn, eru í meiri hættu að smitast af HIV, og, þar sem það á við, að taka HIV-smit og alnæmi til meðferðar í alþjóðlegu hjálparstarfi.

7. Að tryggja að munaðarleysingjum, sem hafa smitast af HIV eða fengið alnæmi, sé ekki mismunað og að þeir fái notið fullra mannréttinda með því að rekinn sé virkur og sýnilegur áróður fyrir því að þetta sé ekki smánarblettur á börnunum.

8. Að hvetja alþjóðasamfélagið til að koma til aðstoðar þróunarríkjum, sem veita meiri opinberum fjármunum til að verjast faraldri HIV-smits og alnæmis, með aukinni alþjóðlegri þróunaraðstoð, einkum í þeim löndum þar sem HIV og alnæmi eru útbreiddust, einkum í Afríkurríkjum sunnan Sahara, á eyjunum á Karíbahafi, í löndum þar sem mikil hættu er á að faraldurinn breiðist út og öðrum svæðum þar sem fólk hefur lítil efni á því að takast á við sjúkdóminn.

C. Að virkja úrræði

48. Að stuðla að heilbrigðu lífi, að meðtalinni góðri næringu og með því að halda niðri smitsjúkdómum, að veita góða menntun, að vernda börn gegn misþyrmingu, misnotkun, ofbeldi og stríðsátökum og að berjast gegn HIV-smiti og alnæmi, allt eru þetta markmið sem unnt er að ná og alheimssamfélagið hefur augljóslega efni á að ná.

49. Meginábyrgðin á innleiðingu framkvæmdaáætlunarinnar og því að tryggja virkt samfélag, þar sem lögð er áhersla á réttindi hvers barns og þau virt, hvílir á hverju ríki, en viðurkennt skal að nauðsynlegt er að afla meiri fjármuna í þessu skyni, jafnt innan hvers ríkis og á alþjóðavettvangi,

50. Að fjárfesta í málefnum barna gefur ótrúlega mikinn arð ef því er haldið áfram um nokkurn eða langan tíma. Að fjárfesta í málefnum barna og virða rétt þeirra er grundvöllur réttláts samfélags, trausts efnahagslífs og heims þar sem fátækt hefur verið útrýmt.

51. Framkvæmd núverandi framkvæmdaáætlunar þarfnast verulegra fjármuna, efnislegra gæða og mannlegs átaks, jafnt í hverju landi og á alþjóðavettvangi, þörf er fyrir gott andrúmsloft kringum málefnið og aukna alþjóðlega samvinnu, meðal annars milli ríkja á norðurhveli og suðurhveli jarðar, og einnig milli ríkja á suðurhveli, til þess að unnt sé að stefna að efnahagslegri og félagslegri þróun.

52. Samkvæmt framansögðu einsetjum við okkur meðal annars að ná eftirtöldum alþjóðlegum markmiðum og aðgerðum til að virkja úrræði í þágu barna:

a) Að sýna þeim þróuðu ríkjum þakklæti sem hafa samþykkt og náð því markmiði að verja 0,7% af vergri þjóðarframleiðslu sinni til almennrar og opinberrar þróunaraðstoðar og hvetjum við þau þróuðu ríki, sem hafa ekki náð því marki, að leitast við að ná þessu alþjóðlega markmiði um 0,7% af vergri þjóðarframleiðslu sinni til almennrar og opinberrar þróunaraðstoðar svo skjótt sem auðið er. Við skuldbindum okkur til að gera okkar besta til að snúa við þeirri þróun að dregið hefur úr opinberri þróunaraðstoð og ná sem allra fyrst því markmiði að veita 0,15-0,20% af vergri þjóðarframleiðslu til opinberrar þróunaraðstoðar handa þeim þróunarríkjum sem standa höllustum fæti, eins og samþykkt var, og taka tillit til þess hve alvarlegar og knýjandi þarfir barnanna eru.

b) Að framkvæma án tafar áætlun um aðstoð við stórskuldugr ríki og samþykkja að fella niður allar tvíhliða opinberar skuldir stórskuldugra ríkja svo skjótt sem auðið er, svo framarlega að þau takist á hendur augljósar skuldbindingar til að útrýma fátækt og hvetja til notkunar skuldþjónustusparnaðar til að fjármagna áætlanir um útrýmingu fátæktar, einkum þær sem snerta börn.

c) Að óska eftir skjótum og samstilltum aðgerðum til að taka með virkum hætti á skuldavanda þeirra þjóða sem minnst eru þróaðar, lágtekjuþróunarríkja og miðlungstekjuþróunarríkja með yfirgripsmiklum, sanngjörnum og varanlegum hætti, þar sem tekið er tillit til áframhaldandi þróunar ríkjanna, með hvers konar ráðstöfunum innanlands í hverju ríki og á alþjóðavettvangi í þeim tilgangi að gera þeim skuldabyrðina ekki of þungbæra þegar til lengri tíma er litið og auka þannig getu þeirra til að takast á við málefni barna, þ.m.t. með þeim úrræðum sem þegar eru fyrir hendi, svo sem með skuldaskiptum vegna verkefna í þágu barna.

(d) Að auka og bæta aðgang framleiðsluvara og þjónustu þróunarríkja að alþjóðamörkuðum, meðal annars með umsaminni lækkun tollmúra og útrýmingu annarra hindrana en tolla sem með óréttmætum hætti hindra verslunarviðskipti þróunarríkjanna samkvæmt viðskiptakerfi þjóðanna.

(e) Við teljum að aukin verslunarviðskipti séu nauðsynleg fyrir vöxt og þróun þeirra ríkja sem skemmst eru á veg komin og stefnum að því að gera slíkum ríkjum kleift að hafa forgang að mörkuðum með því að vinna að því að þau ríki, sem minnst eru þróuð, fái tollfrjálsan og kvótalausán aðgang fyrir allar vörur sínar á mörkuðum þróuðu ríkjanna.

(f) Að leggja fram nýja og verulega aukna fjármuni til félagslegrar þróunar, jafnt í hverju ríki og á alþjóðavettvangi, til að draga úr mismun innan og milli landa og tryggja

árangursríka og skilvirka notkun núverandi fjármuna. Enn fremur að tryggja, að svo miklu leyti sem unnt er, að útgjöld til félagsmála sem koma börnum til góða séu varin og sett í forgang þótt efnahags- og fjárhagskreppa verði til langs eða skamms tíma.

g) Að kanna nýjar leiðir til að afla fjármuna úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum, meðal annars með því að draga úr óhóflegum útgjöldum til hermála og vopnakaupa og fjárfestinga í vopnaframleiðslu og vopnakaupum, þ.m.t. hernaðarútgjöld á alþjóðavettvangi, með tilliti til öryggisþarfa hvers ríkis.

h) Að hvetja gefendaríkin og þiggjendaríkin til að framfylgja ákvæðum 20/20-verkefnisins að fullu, byggðu á gagnkvæmum samningum og skuldbindingum í samræmi við Óslóar-samkomulagið og Hanoi-samkomulagið,¹³ til að tryggja aðgang allra að félagslegri grunnþjónustu.

53. Við leggjum megináherslu á að koma til móts við þarfir þeirra barna sem standa höllustum fæti í þróunarríkjunum, einkum í þeim ríkjum sem styst eru á veg komin og í Afríkuríkjum sunnan Sahara.

54. Við munum einnig sinna sérstaklega þörfum barna í litlum þróunarríkjum á eyjum, í landluktum ríkjum og þróunarríkjum þar sem breytingar standa yfir, og öðrum þróunarríkjum, svo og ríkjum þar sem breytingar á hagkerfinu standa yfir.

55. Við munum styðja tæknisamvinnu milli landa í því skyni að skiptast á jákvæðri reynslu og markmiðum við framkvæmd núverandi framkvæmdaáætlunar.

56. Til að uppfylla markmið okkar og vonir til handa börnum er nauðsynlegt að efla samvinnu innan samfélagsins, þ.m.t. við frjáls félagasamtök og einkageirann, og leita nýrra leiða til að laða fram viðbótarfjármagn, jafnt frá einkaaðilum og hinu opinbera.

57. Við höfum í huga að fyrirtækjum ber að fara að landslögum, en við hvetjum þau til að axla félagslega ábyrgð með því að stuðla að félagslegri þróun og velferð barna, meðal annars með því að:

1. stuðla að auknum skilningi innan fyrirtækja á því að tengsl eru milli félagslegrar þróunar og vaxtar efnahagslífsins,

¹³ Samþykkt á fundum um 20/20-verkefnið sem haldnir voru í Osló 23.–25. apríl 1996 (A/51/140, viðauki) og í Hanoi 27.–29. október 1998 (A/53/684, viðauki).

2. hafa til staðar lagaramma og efnahags- og félagsmálastefnu sem er réttlát og traust, til að styðja og örva einkageirann til dáða til að ná þessum markmiðum,

3. efla samvinnu við viðskiptalífið, verkalýðsfélög og samfélagið í heild til að styðja markmið framkvæmdaáætlunarinnar.

Við hvetjum einkageirann til að meta áhrif stefnu sinnar og starfshátta á börn og gera kosti rannsókna og þróunar í vísindum, læknisfræðilegri tækni, heilbrigðismálum, auknum gæðum matvæla, umhverfisvernd, menntun og fjölmiðlun aðgengilega öllum börnum, einkum þeim sem eru mest þurfandi.

58. Við höfum einsett okkur að tryggja betur samhæfingu stefnuskráa og vaxandi samvinnu milli Sameinuðu þjóðanna, stofnana þeirra, Alþjóðabankans og Alþjóða gjaldeyrissjóðsins, auk annarra fjölþjóðlegra stofnana og samfélagsins í heild til að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið í núverandi framkvæmdaáætlun.

D. Frekari ráðstafanir og mat á árangri

59. Til að auðvelda framkvæmd aðgerða, sem við höfum skuldbundið okkur til samkvæmt þessari yfirlýsingu, munum við setja í forgang að móta eða efla ef mögulegt er fyrir árslok 2003 áætlanir á landsvísu og, þar sem við á, á tilteknum svæðum framkvæmdaáætlanir með ákveðin tímamörk og mælanleg markmið þar sem hliðsjón er höfð af því sem er barni fyrir bestu með tilliti til landslaga, trúarlegra og siðferðilegra gilda og menningarlegs uppruna íbúa og í samræmi við öll mannréttindi og grundvallarfrelsi.

Við munum því efla landsáætlanir og tryggja nauðsynlegt samræmi, framkvæmdir og fjármuni. Við munum samhæfa markmið þessarar framkvæmdaáætlunar stefnu stjórnvalda og þróunaráætlunum í hverju landi og hverju héraði, aðgerðum til að útrýma fátækt, margþættum ráðstöfunum og öðrum viðeigandi þróunaráætlunum í samvinnu við hlutaðeigandi aðila samfélagsins, þ.m.t. frjáls félagasamtök sem starfa fyrir og með börnum, svo og börn miðað við aldur þeirra og þroska og fjölskyldur þeirra.

60. Við munum fylgjast reglulega með innan hvers ríkis og, þar sem það á við, innan hvers svæðis og meta árangur til að ná markmiðum framkvæmdaáætlunarinnar innan hvers ríkis og á alþjóðavettvangi. Samkvæmt því munum við efla tölfræðilega getu okkar innan hvers ríkis

til að safna, greina og brjóta til mergjar gögn, þ.m.t. miðað við kynferði, aldur og aðra viðeigandi þætti sem kunna að leiða til mismununar, svo og að styðja hvers konar rannsóknir sem snerta börn. Við munum efla alþjóðasamvinnu til að efla tölfræðilega greiningu og getu samfélagsins til að fylgjast með framvindu mála, meta hana og gera áætlanir.

61. Við endurskoðum málin reglubundið á landsvísu og á héraðavísu til að hafa betri aðstöðu til að ryðja hindrunum úr vegi og flýta framkvæmdum. Í hverju héraði verður slíkri endurskoðun beitt til að dreifa upplýsingum um bestu starfshætti, styrkja samvinnu og örva menn til dáða. Þess vegna:

a) biðjum við aðildarríkin að Samningnum um réttindi barnsins að birta meðal annars í skýrslum sínum til nefndarinnar um réttindi barnsins upplýsingar um þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið og þann árangur sem náðst hefur við framkvæmd þessarar framkvæmdaáætlunar,

b) er óskað eftir því að Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna (UNICEF), sem er helsta stofnun heimsins sem vinnur að málefnum barna, haldi áfram að undirbúa og dreifa, í nánú samráði við ríkisstjórnir, viðeigandi fjármunum, áætlunum og að sérstofnanir Sameinuðu þjóðanna og allir aðrir hlutaðeigandi, eftir því sem við á, dreifi upplýsingum um árangur af framkvæmd yfirlýsingarinnar og framkvæmdaáætlunarinnar. Stjórnir hlutaðeigandi sérstofnana eru beðnar að tryggja, svo fremi það sé innan verksviðs þeirra, að fyllsti stuðningur sé veittur af hálfu stofnananna til að ná þeim markmiðum sem skilgreind eru í framkvæmdaáætluninni og gefa Allsherjarþinginu, fyrir milligöngu Efnahags- og félagsmálaráðsins, allar upplýsingar um árangur á hverjum tíma, eftir venjulegum leiðum og samkvæmt núgildandi starfsreglum og hvaða viðbótaraðgerða er þörf á komandi áratug,

c) óskum við eftir því að aðalritari Sameinuðu þjóðanna gefi Allsherjarþinginu skýrslu með reglulegu millibili um þann árangur sem náðst hefur við framkvæmd núgildandi framkvæmdaáætlunar.

62. Við staðfestum enn á ný að við ætlum að gera okkar besta til að halda áfram að skapa heim sem hæfir börnum, byggja á þeim árangri sem náðst hefur á liðnum áratug, með það að leiðarljósi að hafa hag barna í fyrirrúmi. Ásamt fjölmörgum samstarfsaðilum munum við vera í fararbroddi í alþjóðlegri hreyfingu í þágu barna sem skapar óstöðvandi skriðþunga til breytinga. Við gefum þetta hátíðlega heit, fullviss um það að með því að hafa í fyrirrúmi réttindi barna, velferð þeirra, vernd og þroska, þjónum við best hagsmunum alls mannkyns og tryggjum velferð allra barna í öllum þjóðfélögum.